



Skýrsla um aðgerðir Reykjaneshæjar vegna Covid19

28. september 2020



Inngangur

Reykjanesbær hefur gripið til margvíslegra ráðstafanna frá því að Almannavarnir lýstu fyrst yfir neyðarstigi vegna Covid19 veirufaraldrar í mars 2020. Sett var á stofn Neyðarstjórn sem fundaði daglega til að byrja með en síðan eftir þörfum eftir stöðu faraldursins hverju sinni og gerir ráðstafanir í samræmi við tilmæli þeirra yfirvalda. Viðbragðsáætlun hefur verið virkjuð og send öllum starfsmönnum Reykjanesbæjar með hvatningu í að fara eftir henni í einu og öllu. Markmið áætlunarinnar eru að stuðla að öryggi starfsmanna og lágmarka áhrif influensu-faraldursins á rekstur sveitarfélagsins.

Eftirfarandi er yfirferð aðgerða einstakra starfsstöðva hjá Reykjanesbæ m.t.t. núgildandi sóttvarnarlagu sem má finna [hér](#). Leitast hefur verið við að aðlaga starfsemi með þeim hætti að sóttvarnaaðgerðir, sem gripið hefur verið til á síðustu vikum, geti lifað áfram næstu mánuði eða á meðan óvissuástand varir.

Velferðarsvið

Megin áhersla er lögð á að halda uppi órofa starfsemi eins lengi og hægt er með sérstakri áherslu á viðkvæmstu hópana þ.m.t. börn og fjölskyldur, fatlað fólk, aldraða og fólk sem býr eitt.

- **Starfsemi Velferðarsviðs í Ráðhúsinu**
 - Ráðhúsinu hefur verið skipt upp í 2 sóttvarnarhólf í stað 3ja áður, gulgrænt og blátt. Þar sem flestir starfsmenn velferðarsviðs á T12 eru innan bláa svæðisins og ekki er rými til tilfærslu milli svæða innanhúss, hefur verið ákveðið að koma upp tímabundinni starfsstöð að Skólavegi 1
 - Á Skólavegi 1 verður starfsstöð fyrir helming starfsmanna barnaverndar, lýðheilsufræðing og starfsmann Barnvæns sveitarfélags, starfsmönnum félagsþjónustuteymis hefur verið skipt upp milli litasvæða á T12.
 - Búið er að skilgreina verkefni sem ekki geta fallið niður og ábyrgðarmenn á þeim og staðgenglar.
- **Björgin**
 - Björgin er opin.
 - Þar sem ekki er hægt að tryggja nándarreglu er notendum og starfsmönnum skylt að notast við andlitsgrímur meðan þeir dvelja í Björginni.
 - Sóttvarnarreglum er fylgt vel eftir og brýnt fyrir notendum mikilvægi þess að fylgja sóttvarnarreglum og halda sig heima ef þeir telja sig finna fyrir einkennum Covid-19
- **Hæfingastöðin**
 - Hæfingastöðin er opin.
 - Húsnæði og starfsemi er aðlagað að nándarreglunni og reynt að halda 2ja metra reglu eins vel og hægt er
 - Sóttvarnarreglum er fylgt vel eftir og brýnt fyrir þjónustunotendum og starfsfólki að halda sig heima ef þau sýna einkenni Covid-19 smits
- **Dagdvalir**
 - Dagdvalir í Selinu og á Nesvöllum eru opnar notendum, en lokað fyrir utanaðkomandi gesti.
 - Á Nesvöllum var sú breyting gerð til að fækka smitleiðum að færa matartíma almennings til kl. 12.00 Matartími dagdvala er kl. 11.30 eins og áður.



- Starfsmenn dagdvala þurfa almennt ekki að nota andlitsgrímur en þær standa til boða og skýr fyrirmæli um að mæta ekki til vinnu ef umeinhver einkenni Covid-19 er að ræða
- Sóttvarnareglum er fylgt vel eftir og brýnt fyrir þjónustunotendum og starfsfólki að halda sig heima ef þau sýna einkenni Covid-19 smits
- **Heimaþjónusta**
 - Heimaþjónusta er óskert
 - Starfsmenn hafa aðgang að grímum, hönskum og spritti eftir þörfum
 - Morgunfundum starfsmanna hefur verið breytt og starfshópnum skipt upp í þrennt og mæta þriðja hvern morgun. Starfsmannahópurinn er því ekki að hitta allur saman á þessum fundum.
 - Mat á þjónustuþörf heldur áfram og verður forgangsraðað þar sem brýnast er.
- **Heimsendingar matar**
 - Heimsending matar er með hefðbundnu sniði. Matur keyptur frá Hrafnistu og Ferðaþjónusta Reykjanes keyrir heim.
- **Félagsstarf aldraðra**
 - Félagsstarf aldraðra er byrjað að hluta, s.s. handverk, leikfimi, brids, bingó og léttur föstudagur en beðið hefur verið með að fara af stað með félagsvist.
- **Búsetuúrræði**
 - Í Búsetukjörnum fatlaðra er lögð áhersla á að takmarka heimsóknir og samskipti starfsmanna milli vakta og hafa verið gerðar breytingar á vaktafyrirkomulagi til að ná því markmiði.
 - Í nokkrum tilvikum hafa þjónustuáætlanir íbúa tekið breytingum og dregið úr þátttöku þeirra í iðju- og tómsundum utan heimilis.
 - Í öllum búsetukjörnum er til staðar hlífðarfatnaður fyrir starfsmenn, þ.e. sloppar, grímur, hanska og hlífðargleraugu .
- **Bakvakt vegna barnaverndar, heimilisofbeldis og umsækjenda um alþjóðlega vernd**
 - Bakvaktir eru með óbreyttu sniði. Bakvaktin komin með hlífðarfatnað ef fara þarf inn á heimili þar sem er staðfest smit.

Í öllum tilvikum er lögð áhersla á að vinna skv. Leiðbeiningum Almannaþingarinnar og Embætti landlæknis.

Fræðsluvið

Leikskólar

Í leikskólunum er hugað vel að sóttvörnum, en eðli starfsins gerir ekki kleift að hólfa skólana niður. Þó er þess gætt að starfsfólk fari sem minnst á milli deilda en auðvitað blandast fólk á útisvæði og í öðrum sameiginlegum rýmum. Margir leikskólar hafa farið þá leið að skipta starfsmönnum í hópa í kaffitímum. Lögð er áhersla á að aðeins komi eitt foreldri með barni að morgni og eins þegar börn eru sótt. Foreldrar er einnig beðnir um að sýna fyllstu aðgát þegar farið erum húsnæði leikskólanna hvað



varðar smitvarnir. Allar gestakomur eru takmarkaðar eins og hægt er. Lögð er áhersla á að börn sem eru veik eða sýna einkenni s.s. hósta, slappleika, hita sé haldið heima. Eins ef foreldrar hafa einkenni, að þeir komi ekki inn í leikskólana. Öll aðlögun nýrra barna í haust tók mið af þessu og var með öðru sniði en venjulega, en allt gekk vel.

Grunnskólar

Grunnskólarnir eru ekki hólfaðir niður enda erfitt að halda úti eðlilegu skólastarfi sé það gert. Reynt er hins vegar að takmarka gestakomur inn í skólana eins og mögulegt er og viðburðum stillt í hof. Nemendur þurfa sums staðar að sækja íþróttamannvirki (aðrar stofnanir) á skólatíma. Starfsmönnum er heimilt að fara á milli stofnana og fara t.d. sérfræðingar skólaþjónustunnar í sínar reglubundnu heimsóknir út í skólana.

Tónlistarskólinn

Hólfun:

Starfsemi tónlistarskólans er í eðli sínu nokkuð „hólfuð“. Þeir nemendur sem koma í hóptíma eru eingöngu á neðri hæðinni og þeir sem koma í hljóðfæra/söngtíma fara á efri hæðina.

Nánast allir hóptímar (tónfræðagreinir, hljómsveitir o.s.frv.) eru 1x í viku og dreifast yfir virku dagana, þannig að hver hópur hittist aðeins 1x í viku.

Gestakomur:

Það eru nánast engar gestakomur. Forráðamenn sem sækja börnin sín bíða í bílunum. Fyrir í morgun sendum við út til allra nemenda skólans 16 ára og eldri og til forráðamanna þeirra, nýjar reglur skólans varðandi smitvarnir og hegðun í ljósi þess hvernig Covidsmit hafa þróast. Þar á meðal er kveðið á um að forráðamenn nemenda komi ekki inn í skólann nema þeir eigi brýnt erindi. Ef þið viljið þá skal ég senda ykkur þann póst.

Breytt form á innheimtu skólagjalda gerir það að verkum að greiðendur skólagjalda koma ekki lengur í skólann/á skrifstofuna til að greiða.

Við eigum von á hópi tónlistarskólakennara og -stjórnenda utan af landi í lok október. Það ræðst af framvindu Covid hvort við tökum á móti þeim eða ekki.

Smitvarnir:

- Á báðum hæðum er rúmt um nemendur sem bíða eftir að kennslustundir hefjist og við förum eftir þeim reglum sem gilda hverju sinni um skólalald, m.a. fjarlægðarmörk. Varðandi nemendur á grunnskólaaldri er það ekki vandamál en hvað varðar nemendur á framhaldsskólaaldri og fullorðna, þá höldum við eins mikilli fjarlægð milli nemenda og kennara og unnt er.



- Við höfum ekki tekið upp grímuskyldu, en mælumst til þess að grímur séu notaðar af nemendum 16 ára og eldri og kennurum þeirra. Í vissum námsgreinum gengur það ekki að nemendur séu með grímur, t.a.m. blásara- og söngnemendur, en kennarar séu þá með grímur eins mikið og gerlegt er.
- Í hverri hljóðfæra- og söngkennslustofu eru bæði sprittbrúsar og nemendur og kennarar eru skyldaðir til að sótthreinsa hendur. Einnig leggjum við mikla áherslu á handþvott. Það sama er í hverri stofu sem við höfum til umráða í grunnskólunum.
- Fyrir framan hverja hópkenndustofu eru sprittbrúsar og eru nemendur skyldaðir til að þvo sér um hendur og spritta þær síðan áður en gengið er inn í stofuna.
- Auk þessa er sótthreinsilögur í hverri kennslustofu, þ.m.t. í stofunum okkar í grunnskólunum, sem notaður er til að stjúka yfir píanóhljómborðin, nótnastatíf og aðra snertifleti eftir hverja kennslustund. Kennarinn sér um það.

Íþróttamannvirki

Ekki er unnt að hólfa niður íþróttamannvirkin en reynt er að takmarka að gestir blandist starfsfólki og einnig hefur verið reynt að takmarka flæði á milli vakta og stofnana.

Aukin tíðni hefur verið á sótthreinsun á klefum og snertiflötum. Leyfi er fyrir 300 manns í Sundmiðstöð og er það 75% af leyfilegum fjölda gesta.

Í íþróttahúsunum eru félögin með Sóttvarnarfulltrúa sem skipuleggja leiki og æfingar hjá þeim eldri og hefur það gengið vel .

Keflavík, íþrótt- og ungmennafélag

Ef upp kemur smit er unnið náið með sóttvarnaryfirvöldum.

Starfsfólk er reglulega minnt á sóttvarnir og haldið er uppi góðum sóttvörnum. Sett hafa verið upp veggspjöld víða þessa efnis og sótthreinsivökvar eru hafðir áberandi. Fylgt er leiðbeiningum ÍSÍ, KSÍ og núna KKÍ varðandi framkvæmd leikja og farið samkvæmt þeirra ráðleggingum. Það hefur verið hólfaskipt áhorfendasvæði bæði í fótbolta og körfu (1 leikur búinn þar) og hefur allt gengið nokkuð vel. Það er þó þannig að í heimaleikjum fótboltans þá er ekki unnt að bjóða leikmönnum uppá að fjarlægðarmörk séu virt þar sem búningsklefarnir eru mjög litlir. Því hefur verið grímuskylda í klefunum sem er sísti kosturinn.

Ef upp kemur smit þá er unnið með sóttvarnaryfirvöldum og farið í einu og eftir þeirra ráðleggingum.

Foreldrar eru leyfðir á leiki með tilliti til fjöldatakamarkana og beðnir um að virða fjarlægðarmörk

Á leikjum (knattspyrna og Karfa) hefur verið hólfaskipt og unnið eftir flottu plani sem hefur verið sett upp fyrir leikina. Skýr skilaboð til gæslumanna og hólfín eru ekki að blandast.



Því hefur verið beint til foreldra að takmarka aðgang að æfingum barna og það hafa ekki komið upp vandamál þar svo vitað sé.

Það hafa verið skýrar leiðbeiningar frá sérsamböndum og ÍSÍ varðandi framkvæmd leikja og hefur verið unnið samkvæmt því.

Sjálfbóðaliðar félagsins hafa staðið sig mjög vel á þessum krefjandi tímum.

Þegar þetta er birt (28. sept. 2020) hefur komið upp smit innan raða meistaraflokks kvenna í körfubolta.

Leikmenn meistaraflokka beggja liða Keflavík og KR í kvennaflokki eru komnar í sóttkví.

Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum er meistaraflokkur kvenna ásamt þjálfurum kominn í sóttkví þar sem einn leikmaður innan liðsins greindist með Covid-19. Eins er smitum að fjölga verulega hér á Suðurnesjum og því teljum við brýna ástæðu til að herða aðgerðir í húsinu okkar a.m.k. þessa viku.

Athugið breytta æfingatöflu fyrir þessa viku.

Æfingar:

- Enginn samgangur verður á milli hópa á æfingum. Til þess að það geti gengið upp verða æfingar stytta um einhverjar mínútur. (sjá töflu að neðan með fyrirvara um breytingar)
- Iðkendur mæta tilbúnir í æfingafötum á æfingar svo ekki þurfi að nota klefana.
- Iðkendur beðnir um að fara beint inn á æfingu og beint út eftir æfingu.
- Enginn fer inn í sal án þess að spritta á sér hendur.
- Þjálfarar skulu tryggja það að boltar verði sprittaðir fyrir og eftir æfingu
- Iðkendur eru beðnir um að mæta ekki á æfingar ef þeir finna fyrir flensueinkennum.
- Stranglega bannað að drekka vatn úr krönum. Vatnsbrúsar fyrir hvern og einn skilyrði.
- Þjálfarar eru beðnir um að halda sig heima ef þeir finna fyrir flensu einkennum.
- Styrktaræfingar verða felldar niður þessa viku.
- Foreldrar eru beðnir um að koma ekki inn í íþróttahúsið heldur bíða eftir börnum sínum út í bíl ef þau eru sótt.

Leikir:

- Engir áhorfendur verða leyfðir í þeim leikjum sem fara fram í vikunni þar til annað kemur í ljós. En reynt verður að sjónvarpa leikjunum inn á síðum yngri flokka.
- Fylgjum áfram þeim sóttvarnareglum sem við höfum haft - Starfsmenn ritaraborðs skulu nota grímur - Boltar, bekkir og ritaraborð sprittað fyrir og eftir leik - Keppendur og dómara nota innganginn FS megin.



Ungmennafélag Njarðvíkur

Deildir UMFN fara eftir þeim fyrirmælum sem sérsamböndin hafa gefið út, sem og leiðbeiningum ÍSÍ, þar kemur allt fram sem um ræðir.

Fullt tillit er tekið til fjölda áhorfenda, svæði félagsins eru það lítil að einungis rúmast að hámarki 200 manns í það heila án svæðaskiptingar.

Foreldrum er ekki ætlað að vera á æfingum.

Deildir hafa skipað sína sóttvarnarfulltrúa sem ber ábyrgð á því að farið sé eftir þeim reglum sem í gildi eru á hverjum tíma.

Ef grunur um smit kæmi upp, þá yrði fylgt yrði tilmælum Almannavarna/smitrakningarteymis.

Félagsmiðstöðin Fjörheimar og 88 húsið

Ef grunur kemur upp um smit þarf sá einstaklingur að fara í sóttkví og fara í sýnatöku. Ef jákvætt kemur úr sýnatökunni þurfa allir starfsmenn og skjólstaðingar að fara í sóttkví þangað til hægt er að staðfesta að ekki fleiri séu smitaðir.

Ekki er verið að hólfa neitt niður eins og er.

Gestir eru ekki leyfðir í frístund eða félagsmiðstöð.

Salurinn er leigður út fyrir afmæli alla virka daga frá kl. 17:30 – 18:30.

Allir snertifletir eru sprittaðir tvisvar sinnum á dag og er spirtt aðgengilegt fyrir notendur hússins. Einnig er notendum boðið upp á grímur.

Skrifstofa stjórnarsýslu

- Starfsfólk sem getur unnið heiman frá sér hvatt til þess.
- **Skjaladeild** hefur skipt upp starfsstöðvum svo að starfsmenn hittist ekki og þjónusta þess falli ekki niður ef upp kemur smit eða sóttkví.
- **Starfsmenn í þjónustu & þróun** hefur skipt upp starfsstöðvum svo að starfsmenn hittist ekki og þjónusta þess falli ekki niður ef upp kemur smit eða sóttkví. Áhersla verður á að þjónusta íbúa og starfsfólk í gegnum síma, tölvupóst og netspjall.
- Ráðhúsinu hefur verið skipt upp í 2 hólf, gult/grænt og blátt og starfsmönnum sviða skipt á milli þeirra. Starfsmenn í hverju hólfu hafa sér inngang, salerni og kaffiðstöðu.
- Aðrar starfsstöðvar aðlagaðar svo 2 metrar séu á milli þeirra.
- (Ekki boða fólk á fundi eða mæta á fundi nem brýn nauðsyn sé á því.)
- Starfsfólk sem er barnshafandi og í áhættuhóp gert kleift að vera heima.



Fjármálaskrifstofa

- **Launadeild:** Gerðar hafa verið ráðstafanir í launadeild að deildarstjóri og sérfræðingur eru aldrei á saman tíma í Ráðhúsinu
- Starfsfólk sem getur unnið heiman frá sér hvatt til þess eins við verður komið
- Tilbúin er heimalausn fyrir **gjaldkera eða varagjaldkera** ef til þess kemur
- Starfsstöðvar aðlagðar svo 1 metri séu á milli þeirra
- Ráðhúsinu hefur verið skipt upp í 2 hólf, gult/grænt og blátt, og starfsmenn í hvoru hólfu hafa sér inngang, salerni og kaffiaðstöðu
- Starfsfólk hvatt til að nýta Skype og tölvupóst til samskipa
- Halda alla fundi á Teams
- Starfsmaður í hagdeild hefur óskað eftir fjarvinnu
- Starfsfólk í áhættuhóp gert kleift að vera heima

Súlan uppfært 25.9

Bókasafnið

- Spritt, hanskar og grímur við innganginn.
- Sprittbrúsar og sprittklútar víða um safnið.
- Sprittbrúsar, grímur og klútar í boði í lesrými
- Tryggir 1 metra, fækkar stólum
- Setja aukaborð fyrir framan afgreiðsluborðið
- Merkingar um tveggja metrana eru sjáanlegar
- Allir snertifletir sprittaðir þrisvar á dag.
- Allir starfsmenn með spritt á sýnum vinnuborðum
- Einn inngangur inn í safnið

Duus uppfært

- Merkingar og girðingar fyrir framan afgreiðsluborð
- Snertifletir sprittaðir 2x á dag
- Hanskar og grímur við inngang
- Talið inn
- Hvetja starfsfólk til að tryggja eigið öryggi

Hljómahöll

- Spritt og hanskar við inngang
- Bankaborðar sem viðhalda fjarlægð gesta og móttökustarfsfólks
- Merkingar sem minna á eins metra regluna
- Spritt hjá öllum hljóðfærum, plötuspilurum og öðrum snertiflötum
- Einn inngangur á safnið



- Tvö sóttvarnarhólf á tónleikum (Stapa-inngangur og Rokksafns-inngangur)
- Talið inn á safn og tónleika í hvert sóttvarnarhólf
- Snertifletir sprittaðir reglulega yfir daginn af ræstingarstarfsfólki

Markaðsherferð

- Hvatt er til að fólk komi og heimsæki söfnin okkar
- Frítt inná söfnin

Listasafn Reykjanesbæjar

- Er með starfsemi í **Ramma og Duus safnamiðstöð**.
- Báðir staðir bjóða spritt, grímur og hanska.
- Vinnustaðurinn Rammi hefur ekki hólfað niður enn sem komið er.
- Helga Þórsdóttir, safnstjóri hefur aðgang að Duus, Ramma og hefur farið á fundi í Gömlu Búð.
- Dagur Jóhannsson tæknimaður listasafnsins starfar í Ramma en hefur aðgang að Duus.

Gamla búð

- Bjóðum uppá spritt, grímur og hanska
- Þrífum snertifleti reglulega
- Reynum að halda utanaðkomandi heimsóknum í lágmarki.
- Erum að skoða hvort skipta eigi upp starfsfólki.
- Hvatt er til teams funda

Umhverfissvið

- Full mönnun er á Umhverfismiðstöð en vel gætt að sóttvörnum og fjarlægðarreglu
- Starfsfólk sem getur unnið heiman frá sér hvatt til þess.
- Starfsstöðvar aðlagðar svo 2 metrar séu á milli þeirra.
- Ráðhúsinu hefur verið skipt upp í 2 hólf, gult og blátt, og starfsmönnum hvers svið skipt á milli þeirra. Vel gætt að fjarlægðarmörkum og allir snertifletir sprittaðir jafnóðum.
- Ekki er tekið á móti fólki á fundi inn í Ráðhúsið.
- USK ráðs fundir eru á Teams
- Byggingar- og skipulagsfulltrúi takamarka afgreiðslu við fjarbúnað.

Reykjaneshöfn

Eftirfarandi ráðstafanir eru nú í gildi varðandi starfsemi Reykjaneshafnar:



Hafnsögumenn: Hafnsögumaður á langri vakt hefur viðveru á vinnustað og sinnir þeim störfum sem kallað er eftir. Hafnsögumaður sem er stuttur hefur viðveru heima tilbúinn til þess að mæta til vinnu þegar þess er óskað af stjórnendum hafnarinnar. Hafnsögumaður á frívakt er í óbreyttri stöðu.

Aðrir starfsmenn: Aðrir starfsmenn hafa óbreytta viðveru og sinna þeim störfum sem þeim ber.

Aðgangsstýring að hafnarskrifstofu: Vinnurými hafnarskrifstofu verður lokað fyrir öðrum en starfsmönnum og þeim öðrum sem hafnarstjóri heimilar. Öðrum, hvort sem það eru viðskiptavinir, vinir eða fjölskyldumeðlimir, er ekki heimil innkoma í vinnurýmið meðan annað er ekki ákveðið af hafnarstjóra.

Annað: Starfsmönnum ber að haga störfum sínum samkvæmt leiðbeiningum og viðbragðsáætlunum Reykjaneshafnar, Reykjanesbæjar og Embættis landlæknis.

Tilmæli eru til hafnsögumanna og annarra starfsmanna að þeir gæti sérstaklega að því bæði í vinnu og utan hennar að forðast smitleiðir eins og hægt er. Slíkt er m.a. gert með því að halda sig sem mest heima við og forðast manngerð. Starfsmenn eru hvattir til að nota handspritt til sótthreinsunar.

Almenningssamgöngur - strætó

- Framhurð strætisvagna í Reykjanesbæ lokað frá og með 14. mars. Viðskiptavinir eru vinsamlegast beðnir um að ganga inn um mið eða aftari dyr vagnsins.
- Þrif hafa verið aukin
- Viðskiptavinir hvattir til að fylgja fyrirmælum yfirvalda um sóttvarnir, vera meðvitaðir um smitleiðir veirunnar og ferðast ekki með almenningssamgöngum ef grunur leikur á smiti